# AKUREYRARFLUGVÖLLUR - SKIPULAGSREGLUR




III UPPDRÁTTUR Á NÆRSVÆÐI FLUGVALLAR MKV. 1:12 500 A1+ 1:25 000 A3+

ISAVIA

III. UPPDRÁTTUR Á NÆRSVÆÐI FLUGVALLAR



AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

## SKÝRINGAR /SKILMÁLAR

**C. Svæði með hæðartakmörkunum (hindranafletir):**

Á uppdráttum II. og III. er gerð grein fyrir hindranaflötum flugvallarins sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarins. Með áhrifasvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranaflötum. Byggja hindranafletirnir þessir og skilgreiningar þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum II. og III. nema að fengnu samþykki Flugmálastjórnar Íslands að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarins sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Flugmálastjórnar með umsögn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tillagan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðaluppdrættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallar getur óskað eftir sérstöku áhættumati vegna slíkra undanþágubeiðna á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðila flugvallarins heimilt að afgreiða málið án aðkomu flugmálastjórnar. Flugmálastjórn skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraraðili flugvallar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotið slíkri afgreiðslu til ákvörðunar Flugmálastjórnar.

Þar sem land stendur nú þegar upp úr láréttum- og keiluhindranafleti er, þrátt fyrir framangreint, heimilt að gera ráð fyrir og reisa byggingar með hámarkshæð allt að 18m upp fyrir óhreyft land. Ef hæð lóðar er mismunandi skal miðað við óhreyft land í hæsta punkti lóðar. Gert er ráð fyrir að slík/ - ar byggingar séu hindranalýstar. Séu fleiri en ein bygging sem þannig háttar til um á sama svæði skal hæsta bygging á svæðinu vera með hindranalýsingu. Flugmálastjórn getur krafist lýsingar á fleiri byggingar telji hún staðsetningu þeirra varða flugöryggi. Þegar svæði sem þessi eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi á slíkum svæðum án þess að fyrir liggi skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara reglna, skal þó ávallt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarins. Sé umsögn rekstraraðila flugvallarins neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Flugmálastjórnar.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

Aðflugsfletir:
Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.

Flugtaksfletir:
Hallandi fletir út frá flugbrautarenda. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarenda og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0 % (1:50)

Skáfletir:
Liggja út frá öryggissvæðum til hliðar við brautir og enda við aðflugsfleti, halli 14,3 % (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að láréttafletinum

Lárétt svæði:
Svæði 47,18 m.y.s. sem nær í 4.000 m radíus út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.

Keiluflötur:
Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útbrún lárétta svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.

Land uppúr hindranafleti

Reglur þessa voru auglýstar til kynningar og samhliða athugasemdafresti frá

21 maí til 2 júní 2011.

Innanríkisráðherra samþykkti reglur þessar með undirskrift sinni þann

3/10 2011.

Auglýsing um gildistöku reglna þessara birtist í Lögbirtingablaðinu þann

______ 2011 og öðluðust þær gildi þann dag.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

LANDSLÖG | arkitektur.is